



Áhærslur á Lyngbjalla í desember

Heilbrigði og vellíðan

Við förum í íþróttasalinn og vinnum með ýmiskonar þrautabrautir og margt fleira. Í lok tímans vinnum við svo með slökun og innri ró.

Sköpun og menning

Teikning og fönður tengt jólum.



Sönglög: Fimm mínútur í jól, Í skóginum stóð kofi einn, Adam átti syni sjö og fleiri lög úr jólasönglagalista leikskólans.

Alla morgna í desember eru morgunsöngstundir í sal leikskólans (kl. 9:00-9:10) og eru foreldrar hjartanlega velkomnir.

Læsi og samskipti

Við höldum áfram að skoða orð sem tengjast þemanu okkar: „Ég“ en nú í desember vinnum við með orð sem tengjast fjölskyldunni okkar og jóluunum.

Við förum í ýmiskonar leiki og spilum spil, lesum sögur og syngjum. Inn á milli jólalagana syngjum við fyrir hann Lubba okkar og hjálpum honum að æfa mállhjóðið Jj auk þess að rifja upp mállhjóðin sem við höfum þegar unnið með.

Sjálfbærni og vísindi

Við förum í vettvangsferðir í litlum hópum þar sem börnin kanna nærumhverfið okkar, s.s. jólaljósín, veðurfarið og dýrin sem í því búa.



Við minnum foreldra á að kynna sér viðburðadagatal desembermánaðar en það er að finna í fataklefanum og á heimasíðu leikskólans.

